

26. nóvember 1973.

281

Nr. 90.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 14. nóvember 1973 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

52. gr., næstsíðasta málsgrein, breytist þannig, að í stað orðanna: „undanþegnir öllum forprófum“ komi: „undanþegnir þeim forprófum, sem talin eru í þessari grein“.

2. gr.

Í 54. gr., 3. málsgrein, falli niður lokasetningin: „Aðalritgerð skal skilað eigi síðar en mánuði fyrir upphaf lokaáfangaprófs“.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 26. nóvember 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.